

**82. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
fimmtudaginn 13. ágúst 2026, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ísak Eyfjörð Arnarson, Helgi Kjartansson, Óli Björn Finnsson, Ásta Stefánsdóttir,
Kristófer Arnfjörð Tómasson og Ólafur Jósef Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Umsókn um stækkun heimlagna, heitt og kalt, Ferjuvegur 7 (Engi) - 2606037

Umsókn um stækkun heimlagna að Höfðavegi 1 og Ferjuvegi 7.

Sótt er um heimlögn fyrir heitt og kalt vatn vegna tveggja húsa (stækkun). Afgreiðsla er frestað og veitustjóra er falið að ræða við umsækjanda.

2. Umsókn um heimlögn, kalt vatn Myrkholt - 2509016

Erindi Lofts Jónassonar, dags. 06.07.2026, vegna kaldavatnstengingar Myrkholt.

Lögð var fram beiðni um að fá að tengja fjögur frístundahús og þrjár óbyggðar lóðir við vatnsveitu gegn því að vatnslögn á svæðinu komi sem greiðsla fyrir tengingu. Sviðsstjóra var falið að gera drög að samningi um yfirtöku lagnanna. Teikningar af lagnaleiðum verði hluti af samningnum.

3. Heimlögn vatnsveitu (kalt) Þórðarbraut 10 - 2608009

Umsókn, dags. 06.07.2026, um tengingu á köldu vatni að Þórðarbraut 10.

Lögð var fram umsókn um tengingu 15 fermetra aðstöðuhúss á lóðinni Þórðarbraut 10 við vatnsveitu. Erindinu er hafnað þar sem ekkert mannvirki er skráð á lóðinni.

4. Umsókn um heimlögn, kalt vatn, Höfði I og Höfði II - 2508001

Kaldavatnstenging að Höfða, staða mála.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir tenginguna, enda greiði umsækjendur allan kostnað við tenginguna.

5. Umsókn um meira heitt vatn Lyngbraut 3 - 2301036

Erindi Guðmundar S. Zebits, dags. 07.07.2026, varðandi aukningu á heitu vatni vegna Lyngbrautar 1 og 3.

Framkvæmda- og veitunefnd tekur jákvætt í erindið. Sviðsstjóra og veitustjóra er falið að ræða við umsækjanda.

6. Umsókn um aukið vatnsmagn (kalt vatn) Kvistabær - 2608008

Erindi Guðmundar S. Zebits, dags. 07.07.2026, varðandi möguleika á auknu vatnsmagni til

Ójó Óf. H.K. 205

Kvistabæjar að Lyngbraut 1 og 3.

Sviðsstjóra og veitustjóra er falið að ræða við umsækjanda.

7. Fráveitutengingar við Lyngbraut - 2608007

Erindi Guðmundar S. Zebits, dags. 07.07.2026, varðandi fráveitutengingu Kvistabæjar. Tölvupóstur Knúts Ármann, dags. sama dag, varðandi fráveitutengingar við Lyngbraut.

Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að kanna hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi fráveitu á svæðinu.

8. Tækjakaup Bláskógaveitu - 2608014

Kaup Bláskógaveitu á liðlétting eða skotbómulyftara.

Veitustjóri gerði grein fyrir beiðni um kaup á tæki fyrir veituna. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að keypt verði minni gerð af skotbómulyftara. Gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna kaupanna, kostnaður er áætlaður um 12,5 millj.kr.

9. Ráðning verkstjóra veitna - 2603034

Ráðning verkstjóra veitna.

Staðan var auglýst laus til umsóknar fyrr á árinu. Sviðsstjóri gerði grein fyrir ráðningarferlinu og að því væri að ljúka.

10. Ráðning starfsmanns veitna - 2603035

Ráðning starfsmanns veitna/starfsmanns í áhaldahús.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins. Ráðið var tímabundið í starfið í sumar.

11. Gatnagerð Kotstún og Fálkamýri - 2601046

3. verkfundur haldinn 30.06.2026

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

12. Gatnagerð Traustatún, 2. áfangi - 2511022

1. verkfundur haldinn 08.07.2026

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

13. Útboð yfirborðsfrágangs Borgarrimi - 2603037

1. verkfundur haldinn 08.07.2026

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

14. Endurbætur á gatnamótum Skálholtsvegur og Holtagötu - 2503034

Endurnýjun lagna og gatnatenging (Holtagata/Skálholtsvegur). Staða verks.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu verksins. Lokið er við frágang lagna og frágangur og malbikun er áætluð í næstu viku.

15. Gangstétt og lýsing Vesturbyggð - 2608012

06 0F
10K
+1K

Gangstétt og lýsing, Vesturbyggð, staða verks.

Ketilbjörn ehf annast verkið. Verktaki í kantsteypu er væntanlegur eftir tvær vikur og frágangur gangstéttar í framhaldinu.

16. Gangstétt við Háholt - 2509020

Gangstétt við Háholt, staða verks.

Véldurgur er með verkið. Kantur verður steypur eftir 2 vikur.

17. Gangstétt við Kistuholt - 2608011

Gangstétt við Kistuholt, staða verks.

Verktaki er Viðhald og dráttur ehf. Verkið er í byrjunarfasa og verður kantur steypur eftir um tvær vikur samhliða öðrum verkum.

18. Gangstétt við Skólatún - 2608013

Gangstétt við Skólatún, staða verks.

Undirbúningi fyrir malbikun er lokið og malbikað verður fyrir haustið.

19. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035

Virkjun borholu, bygging dæluhúss, staða verks.

Farið var yfir stöðuna.

20. Nýtingarleyfi fyrir borholu RH-07 - 2502031

Nýtingarleyfisumsókn, staða mála.

Farið var yfir skilyrði sem Náttúruverndarstofnun leggur til að gerð verði fyrir útgáfu nýtingarleyfis. Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við skilyrðin.

21. Virkjun borholu í Reykholti RH 07 - 2501063

Dæluhús Reykholti, staða verks.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins.

22. Upptekt borholudælu Reykholti - 2606009

Upptekt borholudælu í RH 04. Staða verks.

Veitustjóri fór yfir verkefnið. Athugun á dælunni verður gerð í næstu viku og í framhaldinu metið hvort farið verði í upptektina í haust eða næsta sumar.

23. Söfnunartankur fyrir kalt vatn við Laugarvatn - 2509017

Frágangur tanka við vatnsból. Staða verks.

Veitustjóri fór yfir verkefnið. Búið er að koma tveimur tönkum fyrir og verða þeir tengdir á mánudaginn.

24. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2026 - 2604027

Skýrsla vegna baðvatnssýnatöku, sundlaug Laugarvatni.

010
OF
TEA
HK
[Signature]

Skýrslan var lögð fram.

25. Vöktun Laugarvatns - 2604028

Minnisblað ReSource, dags. 16.06.2026, um sýnatöku úr Laugarvatni.

Minnisblaðið var lagt fram.

26. Útboð sundlaugar í Reykholti - 2505017

18. verkfundur haldinn 23.06.2026

19. verkfundur haldinn 06.07.2026

20. verkfundur haldinn 20.07.2026

Fundargerðir verkfunda voru lagðar fram.

27. Viðbygging við íþróttahúsið á Laugarvatni - 2501065

Bygging hæðar ofan á lægri byggingu íþróttahússins á Laugarvatni, staða mála.

Áætlað er að framleiðslu eininga ljúki í september/október. Samið verður við Pálmatré ehf, sem annast framkvæmdina, um þá verkliði sem snúa að sveitarfélaginu.

28. Viðhald búningsklefa í íþróttahúsinu á Laugarvatni - 2604026

Viðhald búningsklefa, staða verks.

Helena Björgvinsdóttir hjá VA arkitektum mun aðstoða við efnisval og útfærslur. Fundur er fyrirhugaður á föstudaginn.

29. Breytingar á innra skipulagi leikskólans Bláskóga Gullkista - 2605001

Breytingar á innra skipulagu og viðhald, staða verks.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir stöðu verksins. Ný fatahólf verða ekki komin fyrr en í október. Að öðru leyti er verið langt komið.

30. Lausar kennslustofur við Bláskógaskóla - 2606004

Undirbúningur vegna lausra kennslustofa við Bláskógaskóla, staða verks.

Íshnit ehf hefur annast jarðvegsskipti og undirbúning tenginga. Einingarnar eru væntanlegar í næstu viku.

31. Lóðaðfrágangur UTU - 2209023

Lóðarfrágangur við UTU.

Sviðsstjóri fór yfir málið.

32. Fjarskiptasamband við Hlöðuvallaveg - 2608010

Erindi formanns svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 3, dags. 04.07.2026, varðandi fjarskiptasamband við Hlöðuvallaveg.

Erindið var lagt fram.

33. Ærslabelgur á Laugarvatni - 2511047

Uppsetning ærslabelgs á Laugarvatni, staða verks.

OF
TEA + IK
OJO

Véldurgur ehf hefur lokið jarðvinnu vegna ærslabelgsins, en sá þáttur var á hendi sveitarfélagsins.

34. Ræsi fyrir reiðleið við Laugarvatn - 2606003

Ræsi fyrir reiðleið við Laugarvatn, staða verks.

Veitustjóri fór yfir stöðuna, Íshnit mun færa hitaveitulögn vegna ræsisins.

35. Vatnslögn að sumarhúsi í landi Brúar - 1810058

Kaldavatnslögn að sumarhúsi í landi Brúar, staða verks.


Verktaki var Viðhald og dráttur ehf, verkinu er lokið.

36. Kaldavatnsveita í sumarhúsabyggð í landi Fells (Ásar) - 2505047

Vatnsþrýstingur í sumarhúsabyggð í landi Fells.

Veitustjóri fór yfir stöðu málsins. Samþykki liggur fyrir vegna vatnslagnar að þeim húsum þar sem þrýsingur er lítill.


Fundi slitið kl. 10:40.



Ísak Eyfjörð Arnarson


Helgi Kjartansson


Óli Björn Finnsson


Ásta Stefánsdóttir


Kristófer Arnfjörð Tómasson


Ólafur Jósef Ólafsson

